

in, til þess að ritað verði á þau, að þau sjeu eign prestakallsins og ákvæði um **86**
að eigi megi afhenda þau. 19. nóvbr.

Loks eruð þjer beðinn að sjá um, að í afsalsbrjefinu verði prestssetrinu áskilinn rjettur ókeypis til vegar að sjó yfir hina seldu landspildu, svo og til uppsáturs þar og húsabyggingar við sjóinn eftir því sem þörf er á. Fjaran skal undanskilin í kaupinu.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um lán handa Setbergskirkju. 87

Samkvæmt beiðni prestsins að Setbergi í Snæfellsnesprófastsdæmi, sjera 19. nóv br. Jens V. Hjaltalins, og tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 21. f. m., veitir stjórnarráðið samþykki til, að nefndur prestur megi veðbinda tekjur prestakallsins, eða svo mikinn hluta þeirra, sem þörf er á, fyrir alt að 700 kr. úr hinum almenna kirkjusjóði — í viðbót við 400 kr. eftirstöðvar af láni úr sama sjóði —, þannig að eftirstöðvum eldra lánsins sje steyppt saman við nýja lánið í eina heild, alt að 1100 kr., sem síðan ávaxtist með 4⁰/₀ og endurborgist með jöfnum árlegum greiðslum á 25 árum, en lánið hvíli á prestakallstekjunum að því leyti, sem tekjur kirkjunnar sjálfrar ekki hrökkva til, án þess að presturinn megi færa kirkjunni þetta tillag til skuldar.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um embættislán handa Út-skálaprestakalli. 88

19. nóvbr.

Samkvæmt beiðni prestsins að Útskálum, sjera Kristins Danielssonar, og tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 19. f. m., veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til að nefndur prestur megi taka 800 kr. embættislán upp á prestakallið, með þeim skilyrðum, að lánið sje tekið með sem vægustum vaxtakjörum og að það greiðist að fullu á næstu 4 árum eftir að húsbyggingarláni því, er hvílir á prestakallinu, er að fullu lokið, en því á að ljúka á næstu 8 árum.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Auglýsing

um útvegum á girðingarefni um árið 1908.

89

5. nóvbr.

Stjórnarráðið útvegar á næsta ári, samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar, girðingarefni fyrir sýslufjelög, sveitarfjelög, búnaðarfjelög og samvinnukaupfjelög.